



Góð afkoma á árinu 2017

Árið 2017 var gott ár í ávöxtun hjá Brú lífeyrissjóði en nafnávöxtun sjóðsins var 7,9% sem samsvarar til 6,1% raunávöxtunar. Meðaltalsraunávöxtun sjóðsins til 5 ára er 4,6%. Þessi góða afkoma nú skýrist einkum af góðri ávöxtun innlendra skuldabréfa og erlendra hlutabréfa.

Breytingin á A deild sjóðsins endurspeglast í ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2017. Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 190.559 milljónum króna í árslok 2017 en var 128.475 milljónir króna árið á undan. Breytingin á milli ára skýrist af góðri ávöxtun, uppgjöri skuldbindinga í B deild, sameiningu Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar við B deild Brúar og uppgjöri launagreiðenda vegna breytinga á A deild.

Á yfirlitinu á baksíðu fréttabréfsins má sjá hvernig afkomu-tölurnar skiptast niður á deildir sjóðsins.

Yfir 100 þúsund sjóðfélagar

Alls áttu 100.083 manns réttindi í sjóðnum í árslok 2017, en þeir voru 99.596 talsins í upphafi árs. Að meðaltali greiddu 16.665 sjóðfélagar iðgjöld í sjóðinn á árinu, en 6.512 manns fengu greiddan lífeyri úr sjóðnum.

Tryggingafræðileg athugun

Sjóðurinn rekur þrjár deildir, A deild, V deild og B deild og er tryggingafræðileg staða þessara deilda ólík. Þrátt fyrir uppgjör launagreiðenda vegna breytinganna í A deild voru heildarskuldbindingar í árslok 2017 tæpum 3 milljörðum króna hærrí en eignir sjóðsins eða neikvæð um 1,1%. Hjá V deild voru eignir umfram heildarskuldbindingar jákvæðar um 2,7%, en hjá B deild voru heildarskuldbindingar umfram eignir neikvæðar um 26,4%.

Nánari upplýsingar má finna á lifbru.is.

Breyting á fyrirkomulagi eignastýringar

Á árinu var stigið lokaskref í skipulagsbreytingum hjá eignastýringarsviði sjóðsins en fram að þeim tíma var eignastýringu sjóðsins að stórum hluta útviðað. Sviðið var eftt með því að ráða inn fleiri starfsmenn og tók nýr sviðstjóri, Svandís Rún Ríkarðsdóttir, við sviðinu síðsumars. Markmiðið með þessum breytingum er að færa þekkinguna inn í sjóðinn, lækka kostnað við fjárfestingar og efla eftirlit. Í lok ársins var lánadeild sjóðsins færð undir eignastýringarsvið, en hún var áður undir réttinda- og lögfræðisviði. Umsvif deildarinnar hefur aukist stöðugt á undanförunum árum með aukinni eftirspurn eftir sjóðfélagalánunum, en lánveitingar námu alls 4.236 milljónir króna á síðasta ári.

Ábyrgar fjárfestingar

Brú lífeyrissjóður er meðal stofnaðila að IcelandSIF sem er sjálfstæður umræðuvettvangur um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Sjóðurinn fetar nú sín fyrstu spor við innleiðingu á eigendastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Við ákvörðun um fjárfestingakosti verður horft m.a. til umhverfismála, samfélagsmála og góðra stjórnarháttanna.

Nýr sjóðfélágavefur

Á árinu 2017 var innleitt nýtt tölvukerfi fyrir iðgjöld og lífeyrisgreiðslur sem er skilvirkara fyrir sjóðinn en það sem fyrir var. Við það breyttist bæði útlit launaseðla og iðgjaldyfirfirlita. Samhliða var opnaður nýr sjóðfélágavefur á heimasíðu sjóðsins en markmiðið með honum er að bæta enn frekar þjónustu og upplýsingagjöf til sjóðfélaga. Lífeyrisréttindi eru verðmæt trygging. Þú getur skoðað stöðu þína á meðfylgjandi yfirliti og á sjóðfélágavefnum [lifbru.is](#). Mikilvægt er að kanna hvort að iðgjaldagreiðslur hafi skilað sér til sjóðsins með því að bera yfirlitið saman við launaseðla. Ef misræmi er þar á milli skalt þú hafa strax samband við lífeyrissjóðinn.

Í Lífeyrisgáttinni á sjóðfélágavefnum geturðu séð öll lífeyrisréttindi þín frá því þú byrjaðir fyrst á vinnumarkaði.

Á [lifbrismal.is](#) finnur þú fróðleik og svör við algengum spurningum um hvað varðar lífeyrismál.

Við tókum vel á móti þér

Þú ert ætíð velkomin(n) á skrifstofu Brúar lífeyrissjóðs í Sigtúni 42. Þú getur líka haft samband með tölvupósti á lifbru@lifbru.is eða hringt í síma 5 400 700.

Breytingar á samþykktum

Á ársfundi sjóðsins þann 4. júní verða kynntar fyrirhugaðar breytingar á samþykktum sjóðsins. Breytingarnar eru tilkomnar fyrst og fremst vegna breytinga á lögum um almannatryggingar og varða möguleika sjóðfélaga á töku á hálfum lífeyri. Frá 1. janúar 2018 er mögulegt að taka 50% ellilífeyri hjá Tryggingastofnun ríkisins á móti 50% lífeyri frá lífeyrissjóðum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem eru meðal annars að allir skyldubundnir lífeyrissjóðir, innlendir og erlendir, sem viðkomandi á rétt í hafi samþykkt töku á hálfum lífeyri. Jafnframt eru gerðar breytingar vegna sameiningar Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar við B deild Brúar lífeyrissjóðs og orðlag bætt vegna breytinga á A deild.

Samþykktirnar verða birtar í heild sinni á [lifbru.is](#)

Breyting á lánareglum

Ný lög um fasteignalán til neytenda tóku gildi 1. apríl 2017 en helstu breytingarnar eru að nú þarf að liggja fyrir greiðslumat til grundvallar öllum lánveitingum sjóðsins óháð fjárhæð. Sjóðurinn veitir lán til allra sinna sjóðfélaga en einnig til sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar.

Upplýsingar um lán og lánkjör sjóðsins má finna á [lifbru.is](#).

Viltu afþakka pappír?

Það er auðvelt að fylgjast með réttindum sínum með rafrænum hætti og hvetjum við sjóðfélaga til að hjálpa okkur að gera hlutina hagkvæmari og vistvænni. Það er fljótlegt og einfalt að afþakka pappír. Sjóðfélagi skráir sig inn á nýja sjóðfélágavefnum með rafrænum skilríkjum eða íslykli og þegar inn er komið er ýtt á hnappinn „Afbakka pappír“.

Einnig er mögulegt að senda skilaboð á lifeyrir@lifbru.is eða hafa samband við okkur í síma 540 0700.

Námskeið um lífeyrismál við starfslok

Brú lífeyrissjóður heldur námskeið um lífeyrisréttindi við starfslok fyrir sjóðfélaga. Á námskeiðunum er farið yfir hvar upplýsingar um réttindi sjóðfélaga er að finna, ásamt því að svara helstu spurningum um lífeyrismál. Námskeiðin eru auglýst á heimasíðu sjóðsins [lifbru.is](#) og fer skráning þar fram.

Breyting á A deild Brúar lífeyrissjóðs

Breyting varð á réttindaöflun sjóðfélaga í A deild frá 1. júní 2017. Breytingarnar hafa mismunandi áhrif á sjóðfélaga og voru þær gerðar vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Eftirfarandi breytingar komu til framkvæmda 1. júní 2017:

- Réttindaávinnsla A deildar var breytt úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengda réttindaávinnslu.
- Nýir sjóðfélagar frá 1. júní 2017 byrja í aldurstengdri réttindaávinnslu.
- Lífeyrisaldur var samræmdur við almennan vinnumarkað sem er 67 ár.
- Þeir sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld fyrir breytingar fóru yfir í aldurstengda réttindaávinnslu en mismun á réttindum í jafnri og aldurstengdri ávinnslu er mætt með sérstöku framlagi, lífeyrisauka, sem launagreiðendur

greiddu inn til sjóðsins. Jafnframt greiddu þeir framlag í varúðarsjóð sem styður við lífeyrisaukasjóð.

- Auk þess greiddu launagreiðendur í jafnvægisjóð til að koma áfallinni stöðu A deildar í jafnvægi.
- Mótframlag launagreiðanda lækkaði úr 12% í 11,5%.
- Eftir breytingarnar eru lífeyrisréttindi bundin tryggingafræðilegri stöðu og geta lækkað eða hækkað eftir afkomu sjóðsins. Þetta á bæði við um áunnin réttindi fyrir 1. júní 2017 og framtíðarréttindi sjóðfélaga.
- Réttindi þeirra sem byrjaðir voru á lífeyri þann 31. maí 2017 og þeirra sem voru orðnir 60 ára á sama tíma verða ekki skert eða aukin þó svo til skerðingar eða réttindaaukningar komi hjá öðrum sjóðfélögum.

Nánari upplýsingar um breytingar á A deild er hægt að finna á lifbru.is.

Fleiri lífeyrissjóðir sameinast við B deild

Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar sameinast B deild Brúar lífeyrissjóðs á árinu 2018 og miðast sameiningin við 1. janúar 2018. Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar sameinaðist B deild á síðasta ári og miðaðist sameiningin við 1. janúar 2017. Eftir sameiningu eru réttindasöfnin í B deild orðin sjö.

Grundvallarforsenda við sameiningu sjóðanna er að réttindi og réttindaávinnsla sjóðfélaga haldast óbreytt og eru eignasöfnin sameinuð í eitt safn. Skuldbindingum hvers réttindasafns er haldið aðgreindum. Með sameiningu sjóðanna við B deild Brúar næst bæði fjárhagslegur ávinningur og hagkvæmni í rekstri.

Hagstæðir lánakostir

Brú lífeyrissjóður býður nú sjóðfélögum bæði upp á verðtryggð íbúðarlán með föstum vöxtum og óverðtryggð íbúðarlán með breytilegum vöxtum. *Sjá nánar á lifbru.is.*

Nýir starfsmenn

Á síðastliðnu ári voru ráðnir sjö nýir starfsmenn, en þeir eru Baldvin Ingi Sigurðsson, sérfræðingur á eignastýringarsviði, Birna Bjarnþórsdóttir, sérfræðingur á fjármálasviði, Bryndís Reynisdóttir, lífeyrisfulltrúi, Elin Huld Árnadóttir, deildarstjóri iðgjaldadeildar, Helga Björg Gísladóttir, lífeyrisfulltrúi, Svandís Rún Ríkarðsdóttir, sviðstjóri eignastýringarsviðs, og Þórir Guðjónsson, lánafulltrúi. Tveir starfsmenn hættu störfum á árinu en það voru Guðmundur Friðjónsson, sviðstjóri eignastýringarsviðs, og Sigurveig Hjaltested, lífeyrisfulltrúi og eru þeim þökkuð vel unnin störf í þágu sjóðsins.

Í stjórn sjóðsins eru:

Garðar Hilmarsson, formaður
Kristbjörg Stephensen, varaformaður
Benedikt Þór Valsson
Elín Björg Jónsdóttir
Salóme Anna Þórisdóttir og
Sigurbergur Ármannsson

Framkvæmdastjóri er:

Gerður Guðjónsdóttir.

Ársfundur 2018

Ársfundur Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga verður haldinn mánudaginn 4. júní kl. 12.00 í húsakynnum sjóðsins að Sigtúni 42, 2. hæð, Reykjavík.

Dagskrá

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Kynning á breytingum á samþykktum sjóðsins
3. Önnur mál

Allir sjóðfélagar sem og fulltrúar launagreiðenda og viðkomandi stéttarfélag eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta.

Reykjavík 30. apríl 2018

Stjórn Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

Yfirlit yfir afkomu ársins 2017

				2017	2016
Efnahagsreikningur (í milljónum kr.)	A deild	V deild	B deild	Samtals	Samtals
Eignahlutir í félögum og sjóðum	38.995	6.587	2.467	48.049	39.603
Skuldabréf	86.831	14.666	6.158	107.655	86.361
Bundnar bankainnistæður	1.126	190	132	1.448	529
Aðrar fjárfestingar	0	0	0	0	29
Kröfur	18.747	3.167	957	22.871	974
Varanlegir rekstrarfjármunir	89	15	0	104	107
Óefnislegar eignir	125	21	0	146	7
Handbært fé	10.796	1.823	359	12.978	1.007
Skuldir	-2.247	-379	-66	-2.692	-142
Hrein eign til greiðslu lífeyris	154.462	26.090	10.007	190.559	128.475
Breyting á hreinni eign (í milljónum kr.)					
Iðgjöld	45.045	2.626	2.703	50.373	11.599
Lífeyrir	-2.478	-202	-1.837	-4.517	-3.598
Hreinar fjárfestingatekjur	10.098	1.882	658	12.639	2.443
Rekstrarkostnaður	-268	-46	-111	-426	-295
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris	52.396	4.260	1.413	58.069	10.149
Hrein eign frá fyrra ári	102.066	21.830	4.579	128.475	118.326
Sameining við Eftirlaunasjóð Reykjanesbæjar			4.015	4.015	
Hrein eign til greiðslu lífeyris	154.462	26.090	10.007	190.559	128.475
Kennitölur					
Nafnávöxtun	8,0%	8,0%	6,1%	7,90%	1,8%
Hrein raunávöxtun	6,1%	6,1%	4,3%	6,00%	-0,3%
Raunávöxtun (5 ára meðaltal)	4,6%	4,6%	3,8%	4,6%	4,2%
Raunávöxtun (10 ára meðaltal)	2,2%	2,2%		2,1%	1,6%
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	-1,1%	2,7%	-26,4%		
Virkir sjóðfélagar	12.062	4.439	164	16.665	16.225
Fjöldi lífeyrisþega	4.087	1.125	1.300	6.512	5.500